

**388. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðar haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,  
mánudaginn 7. júlí 2008 og hófst hann kl. 15:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Guðlaugur Jónsson (GJ), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Michael W Symons (MWS), Þór Magnússon (ÞM) og Bríet Arnardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Bríet Arnardóttir.

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. 0807032 - Fundargerð skólanefndar Tálknafjarðarhrepps 21. júní 2008**  
Fundargerð í 4. töluliðum.

Til máls tóku BGG um lið 3. Oddviti um 2. lið.  
Liður 2 "Skólabúðir" er tekin út til afgreiðslu og borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fyrirvara um afgreiðslu evrópusambandsins.

Fundargerðin borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**2. 0807020 - Bygginginganefnd 19. júní**  
Fundargerð í 1. tölulið.

Fundargerðin borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**3. 0807019 - Atvinnumálanefnd 27.júní 2008**  
Fundargerð í 1. tölulið.

Til máls tóku BGG og Oddviti.

Fundargerðin borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**4. 0807018 - Fundur haldinn á Brjánslæk**  
Til máls tók BGG.

Fundargerðin borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**5. 0807029 - Fundargerð 755. fundar stjórnar Sambands íslenskra  
sveitafélaga 27. júní 2008**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**6. 0807007 - Fundur heilbrigðisnefndar**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar

- 7. 0807004 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 8. 0807022 - Umsókn um leyfi til hundahalds**  
Pálína Kristín Hermannsdóttir sækir um leyfi fyrir 1 hund. Hundeiganda ber að fara eftir samþykktum Tálknafjarðarhrepps um dýrahald. Umsóknin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 9. 0807003 - Boðun á hafnarsambandsþing 2008**  
Hafnarsambandsþing verður haldið 25. og 26. september á Akureyri. Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps verður varaoddviti, Guðni Ólafsson og til vara Bragi Geir Gunnarsson. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 10. 0807001 - Byggðarkvóti**  
Oddviti lýsir yfir vanhæfi sínu varðandi þennan dagskrárlið og varamaður kemur í hennar stað, Þór Magnússon. Guðni Ólafsson varaoddviti tekur við sjórn fundarins. Guðlaugur Jónsson og Michael W. Symons lýsa einnig yfir vanhæfi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar og víkja af fundi.

BGG fer fram á að þessum dagskrárlið verði frestað til næsta fundar var það fellt með 2 atkvæðum GÓ og ÞM.

GÓ bar fram eftirfarandi tillögu:

Hreppsnefnd leggur til að við úthlutun til fiskiskipa verði stuðst við reglugerð nr. 605/2008, en vill nýta sér ákvæði 2.gr. reglugerðarinnar og setja eitt sérstakt skilyrði sem er að út úr 4.gr. reglugerðarinnar verði tekið við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorsgildislestir. Oddvita falið að senda Sjávarútvegsráðuneytinu tillögu hreppsnefndar ásamt rökstuðningi.

Tillagan samþykkt með 2 greiddum atkvæðum, GÓ og ÞM. Einn á mót BGG.

BGG leggur fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaður mótmælir því að ekki er farið að ósk um frestun á afgreiðslu um úthlutun á byggðkvóta svo að kjörnir fulltrúar fái að kynna sér öll fyrirbyggjandi gögn áður en ákvörðun um úthlutun er tekin þetta er mikið hagsmunamál fyrir marga og ákvörðun ekki tekin á örstuttum tíma.

Virðingarfyllst,  
Bragi Geir Gunnarsson."

ÞM fer af fundi eftir afgreiðslu þessa liðar.

EIS, GJ og MWS mæta aftur til fundarins og EIS tekur við stjórn fundarins.

- 11. 0807006 - Nýsköpunarkeppni Grunnskólanema styrkumsókn**  
Styrkumsókn vegna nýsköpunarkeppni grunnskólanema.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 20. þús.

- 12. 0807021 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps fyrri umræða**  
Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir árið 2007 er lagður fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 7.júlí 2008. Niðurstöður ársreikningsins eru að heildarrekstrartekjur sveitarsjóðs og stofnana hans voru 204 millj.kr. og rekstrargjöld 190 millj.kr. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um tæpar 14 millj.kr. borið saman við 12 millj.kr. rekstarhalla sem áætlað var, samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Veltufé frá rekstri nam 34 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 47 millj. Eigið fé eykst um 36 millj. kr. vegna rekstrarhagnaðar og

eignfærslu í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Helstu framkvæmdir sveitarfélagsins: endurnýjun flotbryggja, KSÍ sparkvöllur, viðhald á Nýjabæ (áhaldaús), auk þess var Túngata 40, félagsleg íbúð, innleyst og Strandgata 44-46 seld. Rekstur sveitarfélagsins. Skatttekjur urðu 74 millj.kr. eða 4 millj.kr. hærri en áætlað var. Laun og launatengd gjöld voru 92 millj.kr., almennur rekstrarkostnaður 72 millj.kr., afskriftir 15 millj.kr. og nettó fjármagnskostnaður 5,4 millj.kr. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál með 80 millj.kr., æskulýðs- og íþróttamál 23 millj.kr., sameiginlegur kostnaður 17 millj.kr. Heildarskuldir bæjarsjóðs og stofnana hans námu 125,5 millj.kr. í árslok 2007 borið saman við 110 millj.kr. í árslok 2006 og hækkuðu því skuldir um 15,5 millj.kr. á milli ára. Heildar veltufjármunir í árslok 2007 voru 49,5 millj.kr. að frádegnum kröfum á eigin fyrirtæki. Heildar fastafjármunir voru 311 millj. kr. Eigið fé 235 millj.kr. Um er að ræða verulega aukningu á eigin fé milli ára eða um 36 millj. kr. Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í því að eignarhlutur Tálknafjarðarhrepps í Lánasjóði sveitarfélaga er nú skilgreindur eftir að Lánasjóðurinn var gerður að hlutafélagi. Í tengslum við ársreikning Tálknafjarðarhrepps 2007 var lögð fram áritun kjörinna skoðunnarmanna Tálknafjarðarhrepps.

Til máls tóku oddviti og BGG.

Ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2007 vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd þann 16.júlí n.k.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**13. 0807010 - Vottun Tálknafjarðarhafnar og skipun verndarfulltrúa**

Bréf frá Siglingastofnun dags. 19.06.08 lagt fram til kynningar.

**14. 0807014 - Styrktarsjóður EBÍ 2008**

Bréf dags. 06.06.08. Óskað er eftir umsóknum í sjóðinn og vísar hreppsnefnd því til atvinnumálanefndar til umfjöllunar.

**15. 0807012 - Jöfnunarsjóður sveitafélaga - dreifmenntun**

Bréf dags 10. júní lagt fram til kynningar.

**16. 0807011 - Bókun bæjarstjórnar Bolungarvíkur 27. mars**

Bréf dags. 18.06.08 frá Umhverfissráðuneyti lagt fram til kynningar.

**17. 0807009 - Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið**

Bréf dags. 16.06.08 frá Forsætisráðuneyti lagt fram til kynningar.

**18. 0807041 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra 07.07.08**

Oddviti skýrði frá samskiptum við ÍSOR vegna Jarðhitaleitar. Oddvita falið að leita eftir samstarfi við OV þegar bréf frá Orkusjóð berst í hús.

Oddviti og Magnús Ólafs Hansson ræddu um upplýsingaskilti fyrir sunnanverða Vestfirði og framgang þess verkefnis.

Skólamáltíðir næsta skólaárs, málinu vísað til frekari vinnslu.

BGG með fyrirspurn um vinnuskóla.

**19. 0807030 - Brunamálastofnun Ársskýrsla 2007**

Lagt fram til kynningar.

**20. 0807013 - Jöfnunarsjóður, samkomulag um húsaleigubætur**

Bréf dags. 11. júní 2008 frá Jöfnundarsjóði sveitarfélaga lagt fram til kynningar.

**21. 0807015 - Gagnaöflun nefndar um vist-og meðferðarheimili fyrir börn**

Bréf dags. 08.06.08 frá nefnd um vist- og meðferðaheimili lagt fram til kynningar.

**22. 0807016 - Reglugerð um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými**

Bréf dags. 11.06.08 frá Félags- og Tryggingamálaráðuneyti lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:55.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____